9. bekkur 2026-2027

Nemendur í 9. bekk í ár eru 72 í þremur hópum sem stokkast upp á 12 vikna fresti og því verður horft á 9. bekk sem einn árgang, en ekki sem afmarkaða bekki. Umsjónarkennarar deila ábyrgð með öllum nemendum.

- Dögg Lára Sigurgeirsdóttir
- Ingibjörg Hauksdóttir
- Kjartan Orri Þórsson

Heimastofur árgangsins eru í C-álmu - stofur C-13, C-02 og C-05.

Kennslusvæði nemenda er á efri og neðri hæð C álmu.

Kennsluhættir verða með svipuðu sniði og tíðkast hefur í skólanum undanfarin ár. Hefðbundið skipulag er í dönsku, ensku, lífsleikni og stærðfræði (umsjónarbekkur hverju sinni) og í smiðju verður aukin hópablöndun og samþætting námsgreina: Samfélagsfræði, íslenska og náttúrufræði í smiðju. Einnig verða sérstakir íslensku og náttúrufræði tímar í töflu. Í smiðju er bekkjum blandað sem að mestu þvert á árganginn. Hver nemandi fær spjaldtölvu til að vinna með í skólanum og við vinnum mestmegnis í classroom umhverfinu en einnig verkefnahefti og vinnubækur.

Hver nemandi fær spjaldtölvu til að vinna með í skólanum og við vinnum mestmegnis í classroom umhverfinu.

Við notum margvíslegar kennsluaðferðir og leggjum áherslu á fjölbreytni í vali á viðfangsefni og verkefnum. Nemendur vinna ýmist saman eða sjálfstætt. Þar sem færni nemenda liggur á ólíkum sviðum reynum við að bjóða upp á margskonar leiðir til að vinna og skila inn verkefnum. Markmiðið er að hver einstaklingur fái kennslu og verkefni við hæfi.

Nemendur taka áfram aukna ábyrgð á sínu námi og þurfa að passa vel upp á skil á verkefnum og virða skilafrest. Í smiðju lesa nemendur í frjálslestrarbók í 20 mínútur á dag. Einnig fara nemendur í mílu, gönguferð í dalnum flesta daga.

15% val kemur í stað listasmiðju og hefðbundins val. Þar fá nemendur tækifæri til að vinna eftir frelsi, styrkleikum og áhuga undir leiðsögn kennara.

Námsmat er í formi símats og leiðsagnarmat. Öll verkefni og vinna á skólaárinu skipta máli.

Áfram er lögð mikil áhersla á gott foreldrasamstarf og Mentor kerfið er áfram nýtt sem samskiptaleið til að auka upplýsingaflæði milli skóla og heimilis. Heimasíða skólans er einnig í stöðugri þróun og hægt er nálgast helstu upplýsingar þar. Með breyttu fyrirkomulagi þá **mælum við þó með því að senda póst beint á kennarana, ýmist alla umsjónarkennara eða kennara að eigin vali.**

dogg.lara.sigurgeirsdottir@reykjavik.is

ingibjorg.hauksdottir01@reykjavik.is

kjartan.orri.thorsson@reykjavik.is